




ÁRSSKÝRSLA 2023

SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI






EFNISYFIRLIT

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

UM SKJALASAFNIÐ	3
STARFSEMI ÁRIÐ 2023	6
STARFSMENN	6
FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR	6
AÐFÖNG	6
RÁÐGJÖF OG EFTIRLIT	7
FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF	7
NÁMSKEIÐ OG FUNDIR	8
MIÐLUN	10
SKRÁNING SÓKNARMANNTALA	11
HÚSNÆÐI	11
GEYMSLUR	13

LJÓSMYNDASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

STARFSEMI ÁRIÐ 2023	14
STARFSMENN	14
FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR	14
AÐFÖNG	15
MIÐLUN	15
FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF	16
GEYMSLUR	17



Héraðsskjalasafnið Ísafirði er stofnað 8. maí 1952. Safnið starfar samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994. Skjalasafnið er til húsa í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.



UM SKJALASAFNIÐ

Héraðsskjalasafnið heyrði áður undir sýslunefndir Norður- og Vestur- Ísafjarðarsýslu og var sama stjórn yfir héraðsskjalasafninu og héraðsbókasafninu skv. ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar 1952 og 1975. Sýslunefndirnar voru lagðar niður í kjölfarið á víðtækri sameiningu sveitarfélaga í Ísafjarðarsýslum. Þann 1. júní 1996 varð sveitarfélagið Ísafjarðarbær til með sameiningu sex sveitarfélaga, þau voru: Flateyrahreppur, Suðureyrahreppur, Þingeyrahreppur, Mosvallahreppur, Mýrahreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Eftir sameininguna 1996 voru þrjú sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum í stað 16 hreppa þegar skjalasafnið var stofnað. Hefur rekstur skjalasafnsins hvílt á herðum Ísafjarðarbæjar frá stofnun sveitarfélagsins. Málefni skjalasafnsins heyra undir stjórnsýslu- og fjármálasvið Ísafjarðarbæjar. Safnið fær árlega rekstrarstyrk frá Þjóðskjalasafni Íslands. Upphæð rekstrarstyrksins árið 2023 var 704.358 krónur. Fjöldi íbúa á starfssvæði Skjalasafnsins á Ísafirði var 5.096 þann 1. desember 2023.



Jóhann Gunnar Ólafsson (1902–1979), sýslumaður Ísafjarðarsýslna og bæjarfógeti á Ísafirði í 25 ár, átti drýgstan þátt í stofnun

HLUTVERK

Meginhlutverk skjalasafnsins er að taka við, varðveita og skrá skjöl afhendingarskyldra aðila á starfssvæði safnsins, þ.e. sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum (Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur) sem og allar stofnanir á þeirra vegum.

Þá ber skjalasafninu að annast eftirlit og ráðgjöf varðandi skjalavörslu afhendingarskyldra aðila á starfssvæði sínu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn og reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og varða skjalavörslu. Skjalasafnið tekur einnig við og varðveitir skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja er hafa sögulegt gildi fyrir starfssvæði safnsins.

Skjalasafninu ber að hafa til reiðu skjöl og skrár og veita aðgengi að þeim í samræmi við lög. Markvisst er unnið að því að gera safnkostinn aðgengilegan almenningi, t.d. með stafrænni miðlun.



Jóhann Gunnar Ólafsson (1902–1979), bæjarfógeti og sýslumaður Ísafjarðarsýslna 1943 til 1968.

Héraðsskjalasafn Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar. Hann var einnig aðalhvatamaður að stofnun Sögufélags Ísfirðinga árið 1953 þar sem hann var formaður frá upphafi og þar til hann baðst undan endurkjöri skömmu fyrir andlát sitt 1979. Hann var formaður stjórnar Byggðasafns Vestfjarða frá stofnun 1955 þangað til hann fluttist til Reykjavíkur 1968. Auk embættisstarfa sinna stundaði Jóhann Gunnar ritstörf af miklu kappi og eftir hann liggur talsverður sögulegur fróðleikur, mikið héðan að vestan en einnig talsvert frá Vestmannaeyjum þar hann var bæjarstjóri um árabil.

Tilgangurinn með stofnun héraðsskjalasafnsins var að safna, varðveita og bjarga frá glötun bækur og skjöl sem vörðuðu Ísafjarðarkaupstað og báðar Ísafjarðarsýslur. Skyldi héraðsskjalasafnið geyma gögn þessara aðila, að svo miklu leyti sem ekki bæri að afhenda þau til Þjóðskjalasafns. Voru þetta skjalasöfn bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, hreppstjóra, hreppsnefnda, sýslunefnda, skólanefnda, sóknarnefnda, ræktunarsambanda, búnaðarféлага o.s.frv. Skjalasafnið skyldi hafa sameiginlegt húsnæði með bókasafni Ísafjarðar og sömu stjórn. Stjórnin skyldi ráða forstöðumann fyrir héraðsskjalasafnið, sem skyldi vera bókavörður Bókasafns Ísafjarðar.

Meðal fyrstu afhendinga voru bækur og skjöl Sléttuhrepps sem voru afhentar af sýslumanni sama ár og safnið var stofnað. Síðustu íbúarnir fluttu úr hreppnum haustið 1952 og margt sem bendir til þess að stofnun skjalasafnsins eigi rætur að rekja til þessara breytinga. Mestur fengur safnsins í upphafi þótti vera mikrófilmur sem keyptar voru 1954, ásamt lestæki, fyrir fjárframlög úr ríkissjóði, bæjarsjóði Ísafjarðar og sýslusjóðum V.- og N.-Ísafjarðarsýslu. Keyptar voru mikrófilmur af ýmsum skjölum og gögnum í Þjóðskjalasafninu, kirkjubókum, dómsmála- og réttarbókum, ættartölubókum Jóns Espólíns, Ólafs Snókdalíns og Steingríms Jónssonar og ævisögur lærðra



HÚSNÆÐI

Skjalasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni. Skrifstofa safnsins og vinnurými er á efstu hæð hússins. Fram á vor 2023 var lítil skjalageymsla í kjallara auk þess sem safnið hafði til afnota geymslu í Hafnarhúsinu á Ásgeirsbakka, Ísafirði. Í árslok 2023 var allur safnkostur sameinaður í einni geymslu að Sindragötu 11 á Ísafirði.

manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson Þjóðskjalavörð, (63 bindi), ýmis blöð og tímarit, þ.á m. *Alþingistíðindi*, samtals 72 þús. fet af filmum.

Héraðsskjalasafnið og Héraðsbókasafnið á Ísafirði hafa alla tíð fylgst að. Þegar skjalasafnið var stofnað var það hýst hjá bókasafninu sem var þá á annarri hæð Sundhallarinnar við Austurveg. Verkefnum skjalasafnsins var sinnt af starfsfólki bókasafnsins, einkum forstöðumanninum. Árið 1994 var Jóna Símonía ráðin í 67% starf skjalavarðar en hún hafði áður verið í tímabundum verkefnum sem voru háð styrkveitingum. Hefur skjalasafnið síðan verið með eigið starfsfólk.

Skjalasafnið er með aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, gamla sjúkrahúsinu, sem þykir meðal fallestri bygginga landsins. Það er teiknað af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins og vígt við hátíðlega athöfn 17. júní 1925. Húsið gegndi hlutverki sjúkrahúss til ársins 1989 þegar nýtt sjúkrahús var tekið í notkun. Hafði þá verið ákveðið að nýta húsið undir starfsemi bóka- skjala- og listasafns. Árið 2003 fluttu söfnin í húsið eftir gagngerar viðgerðir og endurbætur.

Í ágúst 2020 var skilið á milli bókasafns og skjalasafns að hluta, þ.e. söfnin hafa hvorn sinn forstöðumanninn en sameiginlegan rekstur.



Þorsteinn Traustason, ræstir í Safnahúsinu í ríflega tvo áratugi, lét af störfum 31. október og var honum haldið kveðjuhóf á hrekkjavökunni.

LAGAUMHVERFI

Um aðgengi að skjölum gilda lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, upplýsingalög nr. 140/2012, stjórnslulög nr. 37/1993 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

STARFSEMI ÁRIÐ 2023

STARFSMENN

Á árinu 2023 störfuðu sjö starfsmenn á skjala- og ljósmyndasafni. Fjöldi stöðugilda var samtals 4,4. Héraðsskjalavörður er Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Skjalaverðir eru Herbert Snorrason, sem heldur utan um stafræn verkefni safnsins, og Sigrún Halla Tryggvadóttir, sem sinnir fyrirspurnum og öðrum sérhæfðum verkefnum. Safnverðir eru Anna Ragna Gunnarsdóttir, sem starfar við frágang og þökkun skjala, og Arna Dalrós Guðjónsdóttir sem starfar við skönnun skjala og skráningu. Guðrún Valborg Kristinsdóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir sinna skráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn Íslands.

Í október 2023 lét Þorsteinn Traustason af störfum sem ræstir Safnahússins eftir að hafa gegnt því starfi í tvo áratugi. Í kjölfarið var samið við fyrirtækið Flex Þrif um ræstingu í húsinu í verktakavinnu.

FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR

Stærstur hluti fyrirspurna til skjalasafnsins berst í tölvupósti. Einhverjar berast símlíðis og einstaka í gegnum samfélagsmiðla þótt ekki sé boðið upp á þá þjónustu sérstaklega. Í þessum tilfellum er viðkomandi yfirleitt bent á senda tölvupóst á safnið. Skjöl eru aðgengileg á lestrarsal safnsins og í gegnum millisafnalán. Stundum er vísað á stafræn gögn á vef Þjóðskjalasafns Íslands og annarra skjalasafna.

Árið 2023 voru skráðar fyrirspurnir til skjalasafnsins samtals 131 auk tilfallandi minni fyrirspurna. Afgreiðslur á lessal voru tólf talsins og fjórar beiðnir um millisafnalán voru afgreiddar.

AÐFÖNG

Alls bærust skjalasafninu 36 afhendingar á árinu. Afhendingarnar geta verið allt frá einu blaði upp í marga hillumetra. Ástand afhendinga er misjafnt, bæði hvað varðar frágang og ásigkomulag.

Vegna skorts á geymsluplássi hefur skjalasafnið ekki getað tekið á móti stærri afhendingum og hafa nokkrar slíkar beiðni hjá skilaskyldum aðilum. Það vandamál leysist hins vegar með tilkomu nýrrar geymslu í Sindragötu 11 og er undirbúningur fyrir móttöku þessara afhendinga hafinn.



SAFNKOSTUR

Skráð skjöl og frágengin að fullu eru um 170 hillumetrar. Frágengin skjöl með afhendingaskrá eru um 360 hillumetrar og ófrágengin skjöl um 300 hillumetrar. Skjöl sem bíða afhendingar eru áætluð nálægt 100 hillumetrum.

RÁÐGJÖF OG EFTIRLIT

Skjalasafnið býður upp á ráðgjöf og fræðslu fyrir skilaskylda aðila á norðanverðum Vestfjörðum. Sama þjónusta er í boði fyrir aðrar stofnanir, fyrirtæki, félög og einstaklinga.

- Í samstarfi við skjalastjóra Ísafjarðarbæjar og leikskólastjóra á Sólborg var gerður málalykill og skjalavistunaráætlun fyrir leikskólann Sólborg. Stefnt er að því að hið sama verði gert innan annarra leikskóla sveitarfélagsins.
- Reglulegt samráð er við skjalastjóra Ísafjarðarbæjar skjalavörslu sveitarfélagsins. Þar er í gangi vinna við að uppfæra málalykil stjórnsýslunnar og stefnt að því að hann verði tilbúinn á árinu 2024.
- Vorið 2023 var fundað með starfsmönnum Vestfjarðastofu varðandi skjalavörslu innan stofnunarinnar. Farið yfir lög og reglugerðir sem lúta að skjalavörslu opinberra aðila og bent á leiðir til úrbóta.



FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF

Fyrirlestrar og greinar til að kynna starfsemi skjalasafnsins og mikilvægi þess fyrir samfélagið. Vefsíða og fésbók Safnahússins eru notuð til að miðla margvíslegri fræðslu, bæði til gagns og gamans.

- **Föstudaginn 3. febrúar:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir skjalavörður flutti erindið „Stafræn miðlun sóknarmannatala“ í Vísindaporti Háskóla Vestfjarða.



- **Miðvikudaginn 25. október:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, skjalavörður flutti erindið „Bakarasögur. Bakarar og brauðgerðarhús á Ísafirði 1870-1910“ í Safnahúsinu á Ísafirði í tilefni af menningarhátíðinni Veturnóttum.
- **Miðvikudaginn 8. nóvember:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, skjalavörður flutti erindið „Bakarasögur. Bakarar og brauðgerðarhús á Ísafirði 1870-1910“ í félagsmiðstöðinni Vör á Hlíf.
- **Miðvikudaginn 22. mars** komu nemendur frá Omnia í Espoo í Finnlandi í heimsókn í Safnahúsið og fengu fræðslu um starfsemi Safnahússins, þ.m.t. skjalasafnið. Var heimsóknin skipulögð af Menntaskólanum á Ísafirði en um var að ræða nemendaskipti í Erasmus-verkefni sem Menntaskólinn á Ísafirði er aðili að.
- **Laugardaginn 7. október:** Menning við ysta haf: Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða og Stranda. Dagskrá í Safnahúsinu í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólaseturs Vestfjarða
- **Vikuna 11.-15. desember** var Kristín Berglind Oddsdóttir, nemi í upplýsingafræði við Háskóla Íslands, í vettvangsnámi á skjalasafninu að beiðni Ágústu Pálsdóttur prófessors á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Voru henni falin ýmis verkefni til að kynna fyrir henni þau störf sem unnin eru á skjalasöfnum.
- **Tilfallandi heimsóknir** ýmissa hópa í Safnahúsið þar sem starfsemi hússins er kynnt, þ.m.t. starfsemi skjalasafnsins.


NÁMSKEIÐ OG FUNDIR

- **Fimmtudagur 26. október:** Rafrænn fræðslufundur á vegum Félags héraðsskjalavarða. Guðmundur Arnar Sigmundsson, forstöðumaður CERT-IS netöryggissveit Fjarskiptastofu, flutti erindi um netöryggi.
- **Rafænir fræðslufundir Þjóðskjalasafns:** Starfsmönnum skjalasafnsins gafst kostur á rafrænum fræðslufundum sem Þjóðskjalasafn Íslands bauð upp á endurgjaldslaust haustið 2023:
 - 17. október: Skráning mála og málgagna.
 - 24. október: Frágangur, skráning og afhending pappírskjala.
 - 31. október: Er röð og regla á málafafninu? Gerð málalykla.
 - 7. nóvember: Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu.
 - 14. nóvember: Gerð skjalavistunaráætlunar.
 - 21. nóvember: Tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum.
 - 28. nóvember: Hverju má henda? Um grisjun skjala.
- **Akademias:** Starfsmenn skjalasafnsins hafa, líkt og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins, aðgang að fræðsluvefnum Akademias þar sem þeir geta sótt fjölda áhugaverðra námskeiða.



- **Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi 2023** fór fram í Safnahúsinu á Ísafirði dagana 28.–29. september. Boðið var upp á fjölbreytta og fræðandi dagskrá með innlendum og erlendum fyrirlesurum þar sem helstu áherslur voru þróun rafrænnar skjalavörslu og ýmsar ógnir sem að henni steðja. Þá var staða og framtíð skjalasafna á Íslandi einnig til umfjöllunar. Þátttaka var með ágætum og áttu nánast öll héraðsskjalasöfn landsins fulltrúa á ráðstefnunni.
- **Vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands.** Héraðsskjalavörður tók þátt í Vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands sem haldin var í Reykjavík 16. maí 2023.
- **Fundur opinberra skjalasafna á Íslandi.** Héraðsskjalavörður sat fund opinberra skjalasafna sem haldinn var hjá Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík 4. desember 2023.
- **Félag héraðsskjalavarða.** Héraðsskjalavörður sat stjórnarfundum hjá Félagi héraðsskjalavarða á Íslandi sem allir fóru fram í gegnum Teams.
- **Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu.** Héraðsskjalavörður sat fundi á Teams vegna MHR-verkefnisins. Herbert Snorrason skjalavörður sat einnig flesta þá fundi.

Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi 2023 fór fram í Safnahúsinu á Ísafirði dagana 28.-29. september.



MIÐLUN SAFNKOSTS

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf á beinni þjónustu. Aðeins brot af safnkosti skjalasafnsins er stafrænn en stefnan að auka hann til framtíðar.



MIÐLUN

Árið 2023 fékk skjalasafnið Ísafirði verkefnastyrk að upphæð 700.000 kr. frá Þjóðskjalasafni Íslands til stafrænnar endurgerðar og miðlunar á elstu fundargerðarbókum Ísafjarðarkaupstaðar.

Síðan 2016 hefur Skjalasafnið Ísafirði hefur frá árinu 2016 notið styrkja frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að skanna og mynda skjöl úr safnkosti og miðla á vef safnsins. Alls hafa verið myndaðar um 40 bækur og eru myndir á vefnum um 8200 talsins. Um er að ræða gjörðabækur sveitarfélaga, virðingabækur og sveitablöð. Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf er á beinni þjónustu.

Miðlun skjalanna var lengi vel með einfaldasta móti á vefsíðu Safnahússins <https://www.safnis.is/> þar sem hægt var að sækja stafræn afrit sem pdf-skjöl, nothæf og ódýr lausn en ekki sérstaklega notendavæn. Lengi hafði verið skoðað hvernig bæta mætti viðmótið á sem hagkvæmastan hátt. Niðurstaðan var að lokum sú að smíða eigin vefsíðu og vista hana innhúss. Vefsíðan <https://skjalasafn.isaffjordur.is/> fór í loftið í apríl 2023 og kostnaður við gerð hennar og vistun umtalsvert lægri en ef um aðkeypta þjónustu væri að ræða. Vefsíðan er í sífelldri þróun og hugmyndin að tengja hana við fleiri gagnagrunna þegar fram líða stundir.

Unnið er að gerð nýrrar vefsíðu fyrir Safnahúsið og stefnt er að því að hún verði tilbúin vorið 2024.

SKRÁNING SÓKNARMANNATALA

Skráning sóknarmannatala á Ísafirði hófst 18. október 2011 sem atvinnuáttaksverkefni og hefur staðið samfelld síðan. Er verkefnið gott dæmi um vel heppnaða fjarvinnslu og samstarf stofnana óháð staðsetningu. Árið 2023 greiddi Þjóðskjalasafn 5,5 m.kr. með verkefninu á Ísafirði.

Sóknarmannatöl eru í grunninn manntöl yfir sóknir, yfirleitt tekin á hverju ári þegar presturinn húsvitjaði í sókninni. Á Þjóðskjalasafns Íslands eru varðveitt ríflega 1500 sóknarmannatöl frá því um miðja 18. öld og fram yfir 1960, það elsta frá Þykkvabæjarklaustri frá árinu 1744. Verkefnið byggir á því að sóknarmannatalsbækur eru skannaðar í Þjóðskjalasafni og myndirnar færðar inn í sérstakt skráningarkerfi þar sem grunnupplýsingar um bækurnar skráðar. Skrásetjarar fá aðgang að kerfinu sem vistað hjá Þjóðskjalasafni og skrá þar inn tiltekna upplýsingar af myndunum.


Lokið er skráningu á sóknarmannatölum úr Múlasýslum, Þingeyjar-sýslum, Eyjafjarðarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Strandarsýslu. Skráning í Barðastrandarsýslu er langt komin og unnið að skráningu í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Á tímabilinu 2009–2021 voru skráðar 2,8 milljónir færslur, þar af voru 1.782.000 færslur skráðar á Ísafirði, eða 64%. Nánast allur yfirlestur hefur farið fram á Ísafirði. Hægt er að skoða sóknarmannatölin á vefsíðunni <http://salnaregistur.mannatal.is/>.

Á Skjalasafninu Ísafirði árið 2023 var unnið að skráningu sóknarmannatala úr Vestur-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. Alls voru 36 bækur skráðar, samtals 5479 síður, og lokið yfirlestri á 41 bók, alls 6205 síður.

HÚSNÆÐI

Fyrir um tveimur árum síðan var tekin ákvörðun um að setja fjármagn í gagngerar endurbætur og viðgerðir á kjallara Safnahússins jafnframt því að setja fjármagn í málun og viðhald utanhúss þannig að húsið verði í sómasamlegu ástandi á 100 ára afmælinu árið 2025. Með það í huga voru settar upp tvær flagstangir fyrir framan Safnahúsið þannig að nú er hægt að flagga við hátíðleg tækifæri.

Á efri hæðum hússins hefur verið haldið áfram með ýmsar endurbætur skv. hugmyndum Theresu Himmer arkitekts. Hafa þær verið mikil upplýfting fyrir húsið og almenn ánægja með hvernig til hefur tekist. Þá hefur verið unnið að endurnýjun lýsingar í sýningarsal á 2. hæð hússins. Hjólastólalyfta í anddyri á 1. hæð gaf upp öndina á árinu og var það viðbúið enda þjónustuaðili búinn að vara við að varahlutir fengjust ekki lengur. Samið var við fyrirtækið Rými um kaup og uppsetningu á nýrri lyftu.



Jóhanna Guðmundsdóttir og Guðrún Valborg Kristinsdóttir sinna skráningu sóknarmannatala á Skjalasafninu á Ísafirði.





Að morgni 13. febrúar 2023 flæddi enn einu sinni inn í kjallara Safnahússins og hafði hið sama gerst 5. október 2022 þegar framkvæmdir utanhúss voru á lokastigi. Var þá um haustið drenað í kringum húsið, sökkullinn klæddur með þar til gerðri klæðningu, einangrað, skipt um jarðefni, dælubrunnur endurbættur og keypt ný dæla. Framkvæmdir innanhúss hófust vorið 2023 en áður þurfti að tæma kjallarann og var það nokkur áskorun þar sem ljóst var að bera þurfti allt á höndum upp úr honum og út. Valinn var dagur þar sem veðurspá var hagstæð og björgunarsveitin í Hnífsdal fengin til að aðstoða við flutninginn.



Fimmtudaginn 13. apríl var verkið tekið með áhlaupi og safnkosturinn í kjallaranum borinn út, ásamt ýmiss konar munum og húsgögnum, staflað á bretti sem voru plöstuð og flutt í geymslu sem tekin var á leigu í Sindragötu 11. Alls voru 44 fullfermd bretti flutt í geymslu þennan dag en áður var búið að flytja hluta af safnkosti skjalasafnsins í svokallaða Hafnargeymslu, um 8 bretti. Ekki var hægt að stafla safnkosti ljósmyndasafnsins á bretti nema að hluta til þar sem hann samanstendur af stórum hluta af mjög gömlum og viðkvæmum glerplötum. Voru þær fluttar með varkárni á einkabílum, sem var tímafrekt verk. Þrátt fyrir að mikið magn væri flutt 13. apríl þá var talsvert eftir og kjallarinn ekki að fullu tæmdur fyrr en 25. apríl. Sást þá enn betur hversu hann var illa farinn af rakaskemmdum og ljóst að umfangsmiklar og tímafreakar viðgerðir væru framundan.




GEYMSLUR

Í framhaldi af flutningum úr kjallara Safnahússins var farið að ræða hvort geymslan í Sindragötu 11 gæti hentað sem skjalageymsla til lengri tíma enda líttill áhugi á flytja skjalasafnið aftur kjallara Safnahússins sem var löngu sprunginn sem geymsla og aðgengi erfitt. Geymslan í Sindragötu 11 var hins vegar nógu stór til að hægt yrði að tæma aðrar geymslur og koma öllu fyrir í Sindragötunni auk safnkosts ljósmyndasafns og listasafns. Farið var í samningaviðræður við eiganda Sindragötu 11 og náðist samkomulag um 10 ára leigusamning.



Þann 21. desember 2023 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar húsaleigusamning um Sindragötu 11 á Ísafirði, fyrir héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn, til 10 ára. Var þá þegar hafist handa við að setja upp hillur og rekka í geymslunni og í framhaldinu byrjað að taka af brettum og koma safnkosti fyrir.



Samþykkt þessa leigusamnings er sannkallað fagnaðarefni þar sem söfnin þrjú hafa um árabil verið á hrakhólum með sinn safnkost sem hefur verið geymdur við óviðundandi aðstæður og jafnvel legið undir skemmdum. Ný geymsluaðstaða tryggir ekki aðeins betri varðveislu heldur auðveldar líka starfsmönnum að gegna störfum sínum og veita þá þjónustu sem fellur undir hlutverk safnanna. Þó aðeins sé um 10 ár að ræða þá gefur það forráðamönnum sveitarfélagsins góðan umhugsunartíma þegar kemur að því að taka ákvörðun um framtíð safnanna til lengri tíma.

Ljósmyndasafnið Ísafirði hefur verið sjálfstæð stofnun frá árinu 2003 en var fyrir þann tíma starfrækt sem deild innan Skjalasafnsins Ísafirði. Ljósmyndasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.

HLUTVERK

Söfnun, skráning og varðveisla ljósmynda, s.s. glerplötur, filmur, skyggjur og pappírsmýndir sem og önnur gögn og skjöl sem tengjast greininni og hafa menningarsögulegt gildi fyrir svæðið. Ennfremur afgreiðsla og miðlun safnkosts.




STARFSEMI ÁRIÐ 2023

STARFSMENN

Á árinu 2023 störfuðu sjö starfsmenn á skjala- og ljósmyndasafni. Fjöldi stöðugilda var samtals 4,4. Forstöðumaður ljósmyndasafnsins er Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Starfsmenn skjalasafnsins skipta með sér verkefnum ljósmyndasafnsins eftir því hvers eðlis þau eru, sum eru einföld á meðan önnur geta verið flókin úrlausnar og krefjast sérhæfðrar þekkingar.

FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR

Fyrirspurnir og pantanir berast í gegnum myndavef, tölvupóst, síma eða heimsóknir á safn. Þjónusta felst m.a. í myndaleit, skönnun og myndvinnslu. Viðskiptavinir greiða fyrir þjónustuna skv. gjaldskrá safnsins.



Bakararnir Aðalbjörn Tryggvason (t.v.) og Bjarni Halldórsson að störfum í Gamla bakaríinu á Ísafirði um 1960.



Árið 2023 voru skráðar fyrirspurnir til ljósmyndasafnsins samtals 133 auk tilfallandi minni fyrirspurna. Nokkuð er um afgreiðslu mynda vegna útgáfu bóka, blaða og kvikmynda.

AÐFÖNG

Alls bárust skjalasafninu 11 afhendingar á árinu. Afhendingarnar geta verið allt frá einni mynd upp í nokkra kassa af myndum/filjum. Safnið tekur við ljósmyndum frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Afhendingar eru skráðar og gengið frá þeim í sýrufriar umbúðir með varðveislu til framtíðar í huga.

MIÐLUN

Safnkostur er skannaður eftir því sem tækifæri gefst og hefur skönnun á myndasafni Björns Pálssonar (1862–1916) ljósmyndara á Ísafirði verið í forgangi. Einstaka afhendingar eru skannaðar þegar þær berast séu þær metnar einstakar á einn eða annan hátt.


Skannaðar myndir eru birtar á veraldarvefnum, aðallega Sarpri <https://sarpur.is/> sem er menningarsögulegur gagnagrunnur á landsvísu. Vefsíða Safnahússins <https://www.safnis.is/> og samfélagsmiðlar hafa einnig verið nýtt til að miðla stafrænum safnkosti auk tilfallandi umfjallana í fjölmiðlum.

Myndir úr safnkosti eru einnig notaðar í sýningum innanhúss og utan þegar svo ber undir, bæði á pappír og stafrænu formi.

SAFNKOSTUR

Um 500.000 ljósmyndir á glerplötum, filjum og pappír auk stafrænna mynda. Meginhluti safnsins eru glerplötur og filmur frá ljósmyndurum sem starfað hafa á Ísafirði frá 1890 til dagsins í dag. Til viðbótar eru afhendingar einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofana. Þar eru fyrirferðarmestar afhendingar héraðsfréttablaða, s.s. *Bæjarins besta*.





MIÐLUN SAFNKOSTS

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf á beinni þjónustu. Aðeins brot af safnkosti ljósmyndasafnsins er stafrænn en stefnan að auka hann til framtíðar og bæta þannig aðgengi almennings að safnkostinum.



Glerplata úr safni Björns Pálssonar (1862–1916) ljósmyndara á Ísafirði. Safnið nær yfir árin 1891–1915 og telur um 15 þúsund glerplötur.


SARPUR Menningarsögulegt gagnasafn

ADILDARSÖFN | SÝNINGAR | ÞJÓÐHÆTTIR | TÖLUR | UM SARP


Ljósmyndasafnið | Ljósmyndir | Staðu inn leitarorð... **LEITA** Um leit Mitt safn

Forsíða > Leitarniðurstöður, 261 aðfang fannst Deila


Leita í síðustu niðurstöðu Nafn Efnisorð Staðsetning Safn Textasvæði
 Birta aðföng án mynda Ártal Númer Undirskrá Efni




Drengur, Stúlka
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd




Skothúfa, Stelpa, Strák...
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd




Fjolskylda, Ungabarn
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd




Bræður, Fjolskylda, Fore...
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd




Sjónmaður, Vinnumaður
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd



Faðir, Sjónmaður, Sonur
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd



Barn, Bræður, Drengur, S...
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd



Rannveig Ólafsdóttir 18...
Kona, Skothúfa
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF

Fyrirlestrar og erindi til að kynna starfsemi ljósmyndasafnsins og mikilvægi þess fyrir samfélagið. Vefsíða og fésbók Safnahússins eru notuð til að miðla margvíslegri fræðslu til gagns og gamans.

- **Miðvikudaginn 25. október:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, skjalavörður flutti erindið „Bakarasögur. Bakarar og brauðgerðarhús á Ísafirði 1870-1910“ í Safnahúsinu á Ísafirði í tilefni af menningarhátíðinni Veturnóttum. Fjöldi ljósmynda úr safnkosti ljósmyndasafnsins sýndur í slæðusýningu.
- **Miðvikudaginn 8. nóvember:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, skjalavörður flutti erindið „Bakarasögur. Bakarar og brauðgerðarhús á Ísafirði 1870-1910“ í félagsmiðstöðinni Vör á Hlíf. Fjöldi ljósmynda úr safnkosti ljósmyndasafnsins sýndur í slæðusýningu.
- **Föstudaginn 24. nóvember:** Sigrún Halla Tryggvadóttir, skjalavörður fjallaði um safnkost ljósmyndasafnsins í félagsmiðstöðinni Vör á Hlíf og hafði með sér gamlar ljósmyndir til greiningar.
- **Miðvikudaginn 22. mars** komu nemendur frá Omnia í Espoo í Finnlandi í heimsókn í Safnahúsið og fengu fræðslu um starfsemi og safnkost ljósmyndasafnsins. Var heimsóknin skipulögð af Menntaskólanum á Ísafirði en um var að ræða nemendaskipti í Erasmus-verkefni sem Menntaskólinn á Ísafirði er aðili að.
- **Tilfallandi heimsóknir** ýmissa hópa í Safnahúsið þar sem starfsemi hússins er kynnt, þ.m.t. starfsemi ljósmyndasafnsins.



GEYMSLUR

Safnkostur ljósmyndasafnsins hefur frá 2003 verið geymdur í kjallara Safnahússins en vorið 2023 hann fluttur í nýja geymslu að Sindragötu 11 á Ísafirði. Aðstaðan í kjallara Safnahússins var á engan hátt viðundandi vegna viðvarandi raka og sífelldrar hættu á vatnsflóðum. Þar fyrir utan var geymslan of lítil frá upphafi og aðgengi takmörkunum háð.


Fyrir um tveimur árum síðan var tekin ákvörðun um að setja fjármagn í gagngerar endurbætur og viðgerðir á kjallara Safnahússins og hófust framkvæmdir utanhúss haustið 2022. Í apríl 2023 var hafist handa við að tæma kjallarann vegna fyrirhugaðra framkvæmda innanhúss. Var safnkostur ljósmyndasafnsins þá fluttur í geymsla að Sindragötu 11 á Ísafirði. Var sú geymsla í fyrstu hugsuð sem tímabundin lausn en þann 21. desember 2023 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar húsaleigusamning um Sindragötu 11 á Ísafirði, fyrir héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn, til 10 ára. Voru þá settar upp hillur og rekkar í geymslunni og hafist handa við að koma safnkosti ljósmyndasafnsins fyrir.

Öll söfnin þrjú hafa um árabil verið á hrakhólum með sinn safnkost sem hefur verið geymdur við óviðundandi aðstæður og jafnvel legið undir skemmdum. Ný geymsluaðstaða tryggir ekki aðeins betri varðveislu heldur auðveldar líka starfsmönnum að gegna störfum sínum og veita þá þjónustu sem fellur undir hlutverk safnanna.

HÚSNÆÐI

Ljósmyndasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni. Skrifstofa safnsins og vinnurými er á efstu hæð hússins. Safnkostur ljósmyndasafnsins hefur frá 2003 verið geymdur í kjallara Safnahússins en vorið 2023 hann fluttur í nýja geymslu að Sindragötu 11 á Ísafirði.





SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI

SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

Febrúar 2024